

Minnisblað

Til: Bæjarráðs
Frá: Þórdís Sif Sigurðardóttir, bæjarritari
Dags. 4. október 2019
Mnr. 2016050078



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað - Vegna samkomulags um byggingu reiðskemmu

Vegna umleitán forsvarsmanns Hendingar með tölvupósti dags. 10. september sl., til Ísafjarðarbæjar um efndir á samkomulagi milli Ísafjarðarbæjar og Hendingar, dags. 19. júní 2017, varðandi byggingu reiðskemmu í Engidal var minnisblað þetta tekið saman um efndir samkomulagsins og með hvaða hætti samkomulagið hefur verið uppfyllt.

Samkomulagið kvað á um byggingu reiðskemmunnar, að skapa aðstæður til iðkunar hestaíþróttar:

- Ísafjarðarbær lagði til hlutfé kr. 30.000.000,-. 15 milljónir árið 2017 þegar samþykkt byggingaráform myndu liggja fyrir og 15 milljónir árið 2018 enda væri húsið risið, skv. 3. gr.
- Jarðefni að hámarki 2.800 m³ sem eingöngu er ætlað í púða undir burðarveggi og fyllingar í grunn og við húsnæðið, skv. 3. gr.
- Greiða bætur fyrir aðstöðuna að Búðartúni að fjárhæð kr. 20.000.000,-.
- Miðað var við að reiðskemman yrði reist á árinu 2017 og stefnt að því að taka hana í notkun eigi síðar en 1. des 2017, skv. 3. gr.
- Ísafjarðarbær skal styrkja félagið sem samsvarar fasteignagjöldum hvers árs, skv. 4. gr.
- Framkvæmdir við útisvæði áttu að vera í öðrum áfanga, miðað við að uppbyggingin svæðisins yrði á grunni uppbyggingasamnings milli Hendingar og Ísafjarðarbæjar. Fjárhæð uppbyggingasamninga um íþróttamannvirki takmarkaðist af fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar hverju sinni. Uppbyggingasamningur skal frágenginn og undirritaður í síðasta lagi í febrúar 2018.

Framkvæmd og bætur af hálfu Ísafjarðarbæjar:

- Hlutféð hefur verið greitt í heild sinni í tveimur greiðslum, 29. desember 2017 voru greiddar kr. 15.000.000,- og 5. desember 2018 voru greiddar kr. 15.000.000,-
- Það jarðefni sem átti að skaffa samkvæmt 3. gr. var ætlað í púða undir burðarveggi og fyllingar í grunn og við húsnæðið var áætlað allt að 2.800 m³. Annars vegar 1.512 m³ 28. nóv. 2018 og hins vegar 700 m³ 20. desember 2017. Samtals kostnaður rúmlega 4,1 milljón.
- 29. júní 2017 voru bætur, að fjárhæð kr. 20.000.000,- greiddar.

Framkvæmd af hálfu Hendingar:

- Reiðskemman hefur verið reist, frágangur enn í gangi, m.a. á þaki. Reiðskemman ekki tekin í notkun eins og áætlað var 1. desember 2017.

Uppbyggingasamningar:

- Hending lagði fram tillögu að uppbyggingasamningi í maí 2018, fyrir framkvæmdir á útisvæði 2018-2023. Ekki kemur fram í tillögunum fjárhæð framlags Ísafjarðarbæjar, einungis heildarkostnaðaráætlun hvers árs. Á 417. fundi bæjarstjórnar, 3. maí 2018, lýsti bæjarstjórn yfir vilja til að gera uppbyggingasamning við Hendingu vegna ársins 2018 með 3ja milljón króna framlagi og vísað til bæjarráðs til að leggja fram viðauka. Á 1017. fundi bæjarráðs, 14. maí 2018, var bæjarstjóra falið að gera breytingar á tillögu Hendingar að uppbyggingasamningi. Á 1018. fundi bæjarráðs, 28. maí 2018, var tillögu uppbyggingasamningi, þá með 3ja milljón króna framlagi, vegna 2018, vísað til afgreiðslu í nýrri bæjarstjórn. Á 420. fundi bæjarstjórnar 12. júní 2018, var málinu frestað. á 1043. fundi bæjarráðs var lagt til að beiðni Hendingar um uppbyggingasamning kæmi fram í upphafi árs 2019 og færi í sama ferli og aðrir uppbyggingasamningar.
- Skrifað hefur verið undir uppbyggingasamning 2019. Verkefnið 2019 er grófjöfnun og grjóthreinsun lóðar og sáning. Gröftur fyrir lögum að ljósastaurum. Tyrffing jarðsvæða. Uppsetning ljósastaura, Keyrt efni í bílastæði og neyðarveg og uppsetning fánastanga. Heildarkostnaður 5.803.000,-, þátttaka Ísafjarðarbæjar 1,5 milljón

Þau atriði sem voru skilyrt hafa öll verið uppfyllt af báðum aðilum. Ekki náðist samkomulag um uppbyggingasamning á árinu 2018 vegna fjárhagsáætlunar, en á grundvelli jafnræðisreglunar var það mat bæjarstjórnar að allir uppbyggingasamningar skyldu fara sömu leið til bæjarins, þ.e.a.s. í gegnum HSV. Enn fremur kemur fram í samkomulaginu að gerður yrði uppbyggingasamningur á sama grunni og almennt gildir um uppbyggingasamninga við félög í HSV, sem tekur nánar til aðkomu aðila að öðrum áfanga verkefnisins, þ.e.a.s. framkvæmdum við útisvæði.